
SVARTÁRVIRKJUN

Ákvörðun um matsáætlun

Inngangur

Þann 13. júní 2016 barst Skipulagsstofnun tillaga SSB Orku að matsáætlun vegna Svartárvirkjunar í Bárðardal, Þingeyjarsveit samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 3.22 í 1. viðauka laganna og ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 18. febrúar 2016 um að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar um tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun.

Gögn lögð fram

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Svartárvirkjun, allt að 9,8 MW. Tillaga að matsáætlun. SSB Orka og Verkís, júní 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Þingeyjarsveit með bréfi dags. 30. júní 2016.
- Skútustaðahreppi með tölvupósti dags. 8. júlí 2016.
- Ferðamálastofu með tölvupósti dags. 22. júní 2016.
- Fiskistofu með bréfi dags. 15. júlí 2016.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 23. júní 2016.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 11. júlí 2016.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 20. júlí 2016
- Orkustofnun með bréfi dags. 11. júlí 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. júlí 2016.

Athugasemdir bárust frá:

- Andrési Inga Magnússyni f.h. db. Guðrúnar Torfadóttur með tölvupósti dags. 4. júlí 2016.
- Halldóri Valdimarssyni og Hallgrími Valdimarssyni með tölvupósti dags. 1. júlí 2016.
- Kolfinnu Bergþóru Bustos með tölvupósti dags. 3. júlí 2016.
- Kristínu Þorsteinsdóttur með tölvupósti dags. 3. júlí 2016.
- Magnúsi Andrésyni með tölvupósti dags. 4. júlí 2016.
- Óla Halldórssyni með tölvupósti dags. 29. júní 2016.
- Torfa Geir Jónssyni með tölvupósti dags. 3. júlí 2016.
- Verndarfélagi Svartár og Suðurár með bréfi dags. 5. júlí 2016

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 1., 14., 15. og 25. júlí 2016.



Framkvæmd og umhverfisáhrif

Framkvæmdalýsing

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að lagður verði 46 km langur 33 kV jarðstrengur um 16 jarðir milli fyrirhugaðs stöðvarhúss og tengivirkis Landsnets í Laxárdal. Fyrir lágu samningar við landeigendur um lagningu strengsins en samningur við eigendur Halldórsstaða 2 var með fyrirvara um jarðrask og endanlega legu strengsins.

Í athugasemdum eigenda Halldórsstaða 2 og Ljótsstaða er lagst gegn lagningu jarðstrengs um fyrrgreindar jarðir. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að strengurinn verði færður og gerð verði grein fyrir nýrri legu hans í frummatsskýrslu.

Verndarfélag Svartár og Suðurár telur að gera þurfi ítarlega grein fyrir lagningu jarðstrengsins Greina þarf frá öllu jarðraski og áhrifum á gróður, jarðvegsrof og fornminjar og lýsa hvernig staðið verði að efnisflutningum þar sem framkvæmdasvæðið er fjarri vegum. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að strengleiðin sé innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Gerð verði grein fyrir fyrirhugaðri leið jarðstrengs, stöðu samninga við landeigendur og áhrifum strenglagningar á mismunandi umhverfisþætti. Gerð verði grein fyrir aðferðum við framkvæmdir og raski sem þær valda, áhrifum á landnotkun á strengleið, afstöðu til og áhrifum á verndarsvæði Laxár og aðferðum við viðgerðir ef bilanir verða auk annarra þátta sem nefndir eru í tillögu að matsáætlun.

Í ljósi andstöðu landeigenda fyrrnefndra jarða þarf í frummatsskýrslu að leggja fram tillögu að nýrri lagnaleið frá fyrirhuguðu stöðvarhúsi að tengivirki í Laxárdal og meta umhverfisáhrif þeirra framkvæmda og gera grein fyrir um hvaða jarðir þær fara. Þar þarf að leggja megin áherslu á áhrif á gróður og menningarminjar.

Markmið framkvæmdar og áhrif á samfélag

Samkvæmt tillögu að matsáætlun er markmið framkvæmdarinnar að auka orkuvinnslu SSB Orku á hagkvæman og umhverfisvænan hátt.

Í athugasemdum Óla Halldórssonar er farið fram á að í frummatsskýrslu verði ítarleg umfjöllun, byggð á faglegri greiningu, á forsendum og markmiðum framkvæmdarinnar með tilliti til almannahagsmuna, atvinnu- og/eða byggðatengdra markmiða, arðsemi og staðbundinna hagrænna áhrifa.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á nærsamfélag og orkukerfi. Skipulagsstofnun minnir á að eitt að markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum er að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda. Leið að því markmiði er skoðun og mat valkosta m.a. núllkosta. Í frummatsskýrslu þarf að leggja mat á núllkost með tilliti til áhrifa á nærsamfélag auk annarra umhverfisþátta sem matið tekur á.

Samræmi við stefnu stjórnvalda

Landsskipulagsstefna 2015-2026 var samþykkt á Alþingi vorið 2016. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir samræmi fyrirhugaðra framkvæmda við þá stefnu sem þar er sett fram, svo sem gr. 1.4 og 2.5.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að óvissa sé um áhrif verndunar Skjálfandaflióts á Svartárvirkjun samkvæmt tillögu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar.

Óli Halldórsson telur að gera þurfi grein fyrir stöðu framkvæmda við fyrirhugaða Svartárvirkjun gagnvart stefnumörkun stjórnvalda, þ.m.t. hvernig áformin falla að stefnu sem kynnt hefur verið af verkefnisstjórn rammaáætlunar.



Í svörum framkvæmdaraðila er vísað til draga að lokaskýrslu verkefnisstjórnar frá 11. maí 2016 þar sem Skjálfandafljót og virkjunarkostir í því, Fljótshnúksvirkjun og Hrafnabjargavirkjun A, B og C, eru í verndarflokki. Áhrifsvæði þessara virkjunarkosta í Skjálfandafljóti ná yfir Svartá, neðan ármóta við Suðurá. Fjallað verði um rammaáætlun og möguleg áhrif afmörkunar verndarsvæðis Skjálfandafljóts á Svartárvirkjun í frummatsskýrslu.

Í nágildandi rammaáætlun eru Hrafnabjargavirkjun og Fljótshnúksvirkjun í biðflokki. Lögð hefur verið fram tillaga til þingsályktunar um endurskoðun rammaáætlunar (þingskjal 1620 — 853. mál á 145. löggjafarþingi 2015-2016) þar sem virkjunarkostir í Skjálfandafljóti (Fljótshnúksvirkjun og Hrafnabjargavirkjun A, B og C) eru í verndarflokki. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig áform um Svartárvirkjun falla að flokkun Skjálfandafljóts, Fljótshnúksvirkjunar og Hrafnabjargavirkjunar samkvæmt gildandi rammaáætlun og fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu að endurskoðaðri rammaáætlun og hvaða mótvægisáðgerða fyrirhugað er að grípa til við hönnun og útfærslu virkjunarinnar vegna þessa.

Vatnafar og lífríki Svartár

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um vatnalíf í Svartá og þar einkum stuðst við fyrirbyggjandi gögn og heimildir. Þá hafi Veiðimálastofnun verið beðin um að leggja mat á áhrif rennisskerðingar á magn uppleystra efna og lífrænt rek og afleidd áhrif þess á lífríkið út frá fyrirbyggjandi gögnum. Lagt verði mat á áhrif framkvæmda á vatnalíf og virkni fyrirhugaðra mótvægisáðgerða út frá álitum Veiðimálastofnunar, s.s. skilgreinds lágmarksrennslis og gerð fiskvegar í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu Svartárvirkjunar.

Óli Halldórsson telur að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla ítarlega um áhrif á vatnavistkerfi Svartár, bæði fisk og aðra þætti vistkerfis árinna. Þar þurfi að gera samanburð á sérstöðu Svartár m.v. önnur vatnasvæði á Íslandi og alþjóðlega.

Verndarfélag Svartár og Suðurár telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir virkjuðu vatnsmagni, hvert verði fyrirhugað lágmarksrennslis í farvegi árinna milli inntakslóns og útrásar neðan virkjunar og hvernig það verði tryggt, hvert sé talið ásættanlegt minnsta rennslis í farvegi árinna á framangreindum kafla og hvernig það verði skilgreint og hvaða upplýsingar liggi fyrir um rekstraröryggi virkjunarinnar að vetrarlagi í frosthörkum og til hvaða aðgerða verði gripið reynist vandi við vetraraðstæður vanmetinn. Á þeim hluta Svartár sem þurrkaður verði séu hólmar sem hvorki hafi verið aðgengilegir sauðfé né mönnum. Í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir gróðurfari í þeim og hvaða áhrif þurrkun árinna kunni að hafa á gróðurfar og vistkerfi þeirra.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Veiðimálastofnun muni leggja mat á nauðsynlegt lágmarksrennslis og gerð verði grein fyrir niðurstöðu hennar í frummatsskýrslu. Fjallað verði um hvernig lágmarksrennslis verði tryggt og einnig möguleg áhrif íss á rekstur virkjunar að vetri til og hvaða aðgerðir séu fyrirhugaðar til að bregðast við ísvandamálum. Í frummatsskýrslu verði enn fremur gerð grein fyrir búsvæðamati Veiðimálastofnunar fyrir laxfiska og skiptingu framleiðslueininga eftir árköflum í Svartá. Fjallað verði um samanburð mælinga Veiðimálastofnunar við mælingar í öðrum lindám landsins, eins og hann birtist í skýrslu stofnunarinnar frá 2015. Svartá verði ekki þurrkuð á milli inntaksstíflu og frárennisskurðar þar sem tryggja eigi lágmarksrennslis, þ.e. að rennslis framhjá stíflu fari aldrei niður fyrir skilgreind mörk en geti orðið meira þegar aukið rennslis er í ánni. Áhrif rennslisminnkunar í farvegi á gróður í hólum og gróður votlendis sem þorni verði metin í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvert lágmarksrennslis Svartár á virkjuðum kafla þarf að vera til að lífríki árinna verði ekki fyrir varanlegum skaða. Jafnframt þarf að koma fram á hverju það mat byggist og hvernig verður tryggt að það rennslis verði alltaf til staðar. Jafnframt þarf að greina frá áhrifum minnkaðs rennslis á vatnafar við hólma Svartár og hvernig verður tryggt að þeir verði umflotnir vatni að loknum framkvæmdum.



Landslag og ásýnd

Í tillögu að matsáætlun er sett fram með knöppum og almennum hætti hvernig fyrirhugað er að meta áhrif framkvæmdanna landslag og ásýnd.

Verndarfélag Suðurár og Svartár bendir í athugasemd sinni á 11 staði sem félagið telur að þurfi að styðjast við þegar valið er sjónarhorn vegna ásýndar. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafi verið endanlega ákveðið hvaða sjónarhorn verði fyrir valinu en höfð verði hliðsjón af tillögu félagsins við þá ákvörðun.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er hluti af að mestu óraskaðri landslagsheild í tæplega 300 m h.v.s við hálendismörk og er Svartá vatnsmesta þverá Skjálfandafljóts með um fjórðung af rennslí þess. Í ljósi staðsetningar fyrirhugaðra framkvæmda við hálendismörk og í nágrenni við eina aðalleið ferðamanna inn á hálendið norðanlands, í ljósi verndarmarkmiða nýrra náttúruverndarlaga um landslag, auk þess sem í tillögu til þingsályktunar um endurskoðun rammaáætlunar fellur áhrifasvæði Svartárvirkjunar í verndarflokk er mikilvægt í frummatsskýrslu að fjalla ítarlega um og leggja mat á áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á landslag og ásýnd. Við mat á gildi/verðmæti áhrifasvæðis og hugsanlega skiptingu þess í landslagsheildir þarf að vera skýrt á hvaða forsendum er byggt og færa rök fyrir niðurstöðum. Þá þarf að tryggja vandaða myndræna framsetningu og almenna sýnileikagreiningu á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á ásýnd og að skýr rök verði í frummatsskýrslu fyrir vali sjónarhorna líkanmynda sem sýni aðstæður á svæðinu fyrir framkvæmdir og að þeim loknum. Í því sambandi þarf í frummatsskýrslu að leggja fram upplýsingar um það á hversu stórum kafla Sprengisandsleiðar helstu mannvirki komi til með að sjást. Hversu langt sé frá veginum að mannvirkjum og sýna á mynd hvernig mannvirkin sjást á þeirri leið. Auk þess að sýna og meta áhrif helstu mannvirkja og lóns á ásýnd lands þarf með sama hætti að sýna og meta ásýndarbreytingar frá völdum stöðum vegna minnkaðs rennslis neðan stíflu. Bent er á að nýta jafnframt þau gögn og niðurstöður sem liggja fyrir úr vinnu 3. áfanga rammaáætlunar vegna virkjunarkosta í Skjálfandafljóti.

Útivist og ferðaþjónusta

Í tillögu að matsáætlun er engin umfjöllun um útivist og ferðaþjónustu og mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á þessa þætti.

Í umsögn Þingeyjarsveitar kemur fram ósk um að mat verði lagt á áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á útivist og ferðaþjónustu. Ferðamálastofa telur að í mati á umhverfisáhrifum þurfi sérstaklega að fjalla um áhrif á ferðamennsku. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að fjalla almennt um ferðamennsku á svæðinu í frummatsskýrslu og byggja meðal annars á skýrslu sem unnin hafi verið vegna 3. áfanga rammaáætlunar um viðhorf ferðamanna og ferðaþjónustuaðila til virkjana í Skjálfandafljóti.

Í ljósi staðsetningar fyrirhugaðra framkvæmda við hálendismörk og í nágrenni við eina aðalleið ferðamanna inn á hálendið norðanlands, auk þess sem í tillögu til þingsályktunar um endurskoðun rammaáætlunar fellur áhrifasvæði Svartárvirkjunar í verndarflokk er mikilvægt í frummatsskýrslu að fjalla ítarlega um og leggja mat á áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á útivist og ferðaþjónustu. Leggja þarf mat á áhrif virkjunarinnar á útivist og ferðaþjónustu með sambærilegum hætti og gert hefur verið í vinnu 3. áfanga rammaáætlunar varðandi virkjunarkosti í Skjálfandafljóti, svo sem með því að kanna viðhorf ferðaþjónustuaðila. Jafnframt er bent á að nýta þau gögn og niðurstöður sem liggja fyrir úr vinnu 3. áfanga rammaáætlunar vegna virkjunarkosta í Skjálfandafljóti.

Gróður

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að lagt verði mat á áhrif framkvæmdanna á gróður og gróðurlendi s.s. votlendi.



Í frummatsskýrslu þarf að greina frá niðurstöðu mats á áhrifum á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum, m.a. hversu stórt votlendi kemur til með að raskast og hversu umfangsmikil votlendisskerðingin verður auk þess sem koma þarf fram til hvaða mótvægisáðgerða á að grípa vegna þess rasks.

Niðurstaða

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu SSB Orku að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum:

1. Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram tillögu að nýrri lagnaleið frá fyrirhuguðu stöðvarhúsi að tengivirki í Laxárdal og meta umhverfisáhrif þeirra framkvæmda og gera grein fyrir um hvaða jarðir þær fara. Þar þarf að leggja megin áherslu á áhrif á gróður og menningarminjar.
2. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á nærsamfélag og orkukerfi. Þá þarf í frummatsskýrslu að leggja mat á núllkost með tilliti til áhrifa á nærsamfélag auk annarra umhverfispáttá sem matið tekur á.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig áform um Svartárvirkjun falla að flokkun Skjálfandaflióts, Fljótshnúksvirkjunar og Hrafnabjargavirkjunar samkvæmt gildandi rammaáætlun og fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu að endurskoðaðri rammaáætlun og hvaða mótvægisáðgerða fyrirhugað er að grípa til við hönnun og útfærslu virkjunarinnar vegna þessa.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvert lágmarksrennsli Svartár á virkjuðum kafla þarf að vera til að lífríki árinna verði ekki fyrir varanlegum skaða. Jafnframt þarf að koma fram á hverju það mat byggist og hvernig verður tryggt að það rennsli verði alltaf til staðar. Jafnframt þarf að greina frá áhrifum minnkaðs rennslis á vatnafar við hólma Svartár og hvernig verður tryggt að þeir verði umflotnir vatni að loknum framkvæmdum.
5. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla ítarlega um og leggja mat á áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á landslag og ásýnd. Við mat á gildi/verðmæti áhrifasvæðis og hugsanlega skiptingu þess í landslagsheildir þarf að vera skýrt á hvaða forsendum er byggt og færa rök fyrir niðurstöðum. Þá þarf að tryggja vandaða myndræna framsetningu og almenna sýnileikagreiningu á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á ásýnd og að skýr rök verði í frummatsskýrslu fyrir vali sjónarhorna líkanmynda sem sýni aðstæður á svæðinu fyrir framkvæmdir og að þeim loknum. Í því sambandi þarf í frummatsskýrslu að leggja fram upplýsingar um það á hversu stórum kafla Sprengisandsleiðar helstu mannvirki komi til með að sjást. Hversu langt sé frá veginum að mannvirkjum og sýna á mynd hvernig mannvirkin sjást á þeirri leið. Auk þess að sýna og meta áhrif helstu mannvirkja og lóns á ásýnd lands þarf með sama hætti að sýna og meta ásýndarbreytingar frá völdum stöðum vegna minnkaðs rennslis neðan stíflu. Bent er á að nýta jafnframt þau gögn og niðurstöður sem liggja fyrir úr vinnu 3. áfanga rammaáætlunar vegna virkjunarkosta í Skjálfandaflióti.
6. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla ítarlega um og leggja mat á áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á útivist of ferðþjónustu. Leggja þarf mat á áhrif virkjunarinnar á útivist og ferðþjónustu með sambærilegum hætti og gert hefur verið í vinnu 3. áfanga rammaáætlunar varðandi virkjunarkosti í Skjálfandaflióti, svo sem með því að kanna viðhorf ferðþjónustuaðila. Jafnframt er bent á að nýta þau gögn og niðurstöður sem liggja fyrir úr vinnu 3. áfanga rammaáætlunar vegna virkjunarkosta í Skjálfandaflióti.
7. Í frummatsskýrslu þarf að greina frá niðurstöðu mats á áhrifum á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum, m.a. hversu stórt votlendissvæði kemur til



með að raskast og hversu umfangsmikil votlendisskerðingin verður auk þess sem koma þarf fram til hvaða mótvægisáðgerða á að grípa vegna þess rasks.

Jafnframt viðhafi framkvæmdaraðili það verklag sem hann kynnti í bréfum dags. 1., 14., 15. og 25. ágúst 2016, þar sem hann brást við framkomnum umsögnum og athugasemdum.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 6. september 2016

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson